

Sérstaða

Afurðir geita hafa áhugaverða eiginleika. Geitakjöt hefur sérstöðu vegna þess hve fitusnautt það er og próteinríkt. Þá hefur geitamjólkinn ýmsa hollustuþætti.

Hollusta

Ímynd geitamjólkur er að mörgu leyti jákvæð og hún hefur verið talin hafa góða eiginleika sem tengjast hollustu. Sýnt hefur verið fram á að geitamjólk inniheldur heilsueflandi efni. Meðal þessara efna eru:

- Lífvirk peptíð sem geta haft örveruhemjandi áhrif og áhrif á ónæmiskerfið.
- Lífvirk fituefni svo sem konjúgeraðar fitusýrur en þær eru í afurðum geita eins og annarra jörturdýra. Konjúgeruð línolsýra er talin vinna gegn krabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum.
- Fásýkrur geta haft áhrif á líkamsstarfsemina t.d. ónæmiskerfið.



Geitin Emma á Háfelli



Geiturnar Emma og Jenný á Háfelli

Ofnæmi og óþol

Ýmis mjólkurprótein geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki. Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir kúamjólk geta haft ofnæmi fyrir geitamjólk líka. Fólk sem hefur ofnæmi fyrir kúamjólk bregst misjafnlega við geitamjólk og sumir þola geitamjólkina án þess að sýna einkenni. Það þyrfti því að prófa þol hvers og eins sem hefur ofnæmi fyrir kúamjólk. Ekki er hægt að alhæfa um að allir þoli geitamjólk.

Mjólkursýkuróþol er nú nokkuð algengt. Mjólk allra spendýra inniheldur mjólkursýkur og því sker geitamjólkinn sig ekki úr að þessu leyti.

Fullyrðingar

Fjölmarginar fullyrðingar hafa verið settar fram um hollustu geitamjólkur. Meðal fullyrðinga sem hafa verið staðfestar eru:

- Geitamjólk er auðmeltanlegri en kúamjólk.
- Geitamjólk inniheldur heilsueflandi efni sem geta haft áhrif á ónæmiskerfið.
- Gerilsneyðing hefur lítil áhrif á næringarefni í geitamjólkinni, þó rýrna nokkur vítamín en það ætti að hafa lítil áhrif ef fólk lifir á fjölbreyttu fæði. Með gerilsneyðingu mjólkur er matvælaöryggi hámarkað.

Upplýsingarnar eru byggðar á verkefninu Aukið virði og sérstaða geitfjárafurða. Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og því var stýrt af Matis. Sjá nánar: <http://www.matis.is/utgafa-og-midlun/utgefing-efni/einblodungar-og-baeklingar/>

Á vefsíðu Geitfjárrættarfélagssins (www.geit.is) er að finna fróðleik um íslensku geitina og upplýsingar eru veittar um geitaafurðir sem eru til sölu. Félagið veitir leyfi til notkunar á sérstöku merki fyrir geitaafurðir.